

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 2009:

I. Íslenskir ríkisborgarar.

1. janúar 2009:

Ástbjörg Stefanía Gunnarsdóttir íþróttakennari, Reykjavík, riddarakross fyrir frumkvæði í almenningsíþróttum og lýðheilsu.

Elín Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona, Hafnarfirði, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar tónlistar og menningarlífs.

Grétar Þorsteinsson, fyrrverandi forseti ASÍ, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íslensks verkafólks.

Grímur Karlsson, fyrrverandi skipstjóri, Reykjanesbæ, riddarakross fyrir smíði báta- og skipalíkana.

Hildur Sæmundsdóttir ljósmóðir, Grundarfirði, riddarakross fyrir framlag til heilbrigðismála og forvarna.

Jón Arnþórsson, forstöðumaður Iðnaðarsafnsins, Akureyri, riddarakross fyrir framlag til varðveislu íslenskrar verkunnáttu og safnameningar.

Jón Eiríksson, fræðimaður og fyrrverandi oddviti, Vorsabæ á Skeiðum, riddarakross fyrir félagsstörf og framlag til menningarsögu.

Kjartan Ragnarsson, forstöðumaður Landnámsseturs Íslands, Borgarnesi, riddarakross fyrir störf í þágu leiklistar og nýsköpun í miðlun menningararfs.

María Jónsdóttir, kvæðakona og fyrrverandi bóndi, Hvolsvelli, riddarakross fyrir framlag til varðveislu þjóðlegrar kvæðamenningar.

Sigurður Guðmundsson, forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til heilbrigðismála.

Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar og alþjóðlegrar myndlistar.

17. júní 2009:

Árný J. Guðjohnsen ritari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að félags- og mannúðarmálum.

Björn Jónsson, fyrrverandi skólastjóri, Seltjarnarnesi, riddarakross fyrir framlag til uppeldismála, menningar og skógræktar.

Böðvar Guðmundsson rithöfundur, Danmörku, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar menningar og bókmennta.

Guðrún Jónsdóttir bóndi, Arnbjargarlæk, riddarakross fyrir störf á vettvangi félags- og velferðarmála.

Hafsteinn Þorvaldsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, Selfossi, riddarakross fyrir framlag til félags- og íþróttamála.

Helga Jónsdóttir bæjarstýra, Fjarðabyggð, riddarakross fyrir framlag til opinberrar stjórnsýslu.

Hólmfríður Árnadóttir, fyrrverandi prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til listgreinakenndu í íslensku skólakerfi.

Ólafur Eggertsson bóndi, Þorvaldseyri, riddarakross fyrir nýjungar í landbúnaði.

Pálína Ása Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur, Sviss, riddarakross fyrir framlag til alþjóðlegs hjálparstarfs.

18. júní 2009:

Kristín Oddsdóttir Bonde sendiráðsfulltrúi, Kaupmannahöfn, riddarakross.

Vibeke Nørgaard-Nielsen rithöfundur, Kaupmannahöfn, riddarakross.

18. desember 2009:

Arni Kolbeinsson, forseti Hæstaréttar Íslands, stórriddarakross, fyrir störf í opinbera þágu.

Nr. 1125/2009

II. Erlendir ríkisborgarar.

3. febrúar 2009:

Nicole Michelangeli sendiherra, Frakklandi, stórriddarakross með stjörnu.

26. júní 2009:

Kanji Ohashi aðalræðismaður, Japan, riddarakross.

28. ágúst 2009:

Leif Mogens Reimann sendiherra, Danmörku, stórriddarakross með stjörnu.

Madeleine Ströje-Wilkens sendiherra, Svíþjóð, stórriddarakross með stjörnu.

B-deild – Útgáfud.: 17. febrúar 2010